

**Heiti verkefnis:** Mannréttindi barna. Verkefni, leikir og verkfæri.

**Styrkþegar:** Flataskóli

**Verkefnisstjóri:** Margrét Haraldsdóttir og Ragna Gunnarsdóttir

### **Markmið verkefnisins skv. umsókn:**

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um mannréttindakennslu og að skólar undirbúi vaxandi kynslóðir undir að verða þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Með verkefninu var stefnt að því að auka þekkingu barna og starfsfólks á réttindum barna. Flataskóli mun taka þátt í Réttindaskólaverkefni UNICEF og stefnir að því markmiði að verða einn af fyrstu Réttindaskólum á Íslandi. Lítið er til af námsefni fyrir börn þar sem áhersla er lögð á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Einnig er lítil þekking hérlendis á innleiðingu réttindaverkefna í skólum. Í verkefninu er stefnt að gerð verkefna bæði rafrænna og hefðbundinna fyrir nemendur á yngsta- og miðstigi. Einnig er gert ráð fyrir skólaheimsókn erlendis þar sem fyrirhugað er að læra verklag við innleiðingu og kynnast markvissri mannréttindakennslu.

### **Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis:**

Verkefnið var í upphafi kynnt öllu starfsfólki skólans sem og öllum nemendum og upplýsingar sendar foreldrum. Stofnað var réttindaráð sem fundaði um réttindi barna. Í réttindaráði sátu tveir fulltrúar frá hverjum árangri frá 3. – 7. bekk ásamt fulltrúum foreldra og starfsmanna. Réttindaráð ræddi málefni barna og fulltrúar nemenda ræddu málin við aðra nemendur skólans. Verkefnastjórar sóttu reglulega fundi hjá Unicef á Íslandi. Lagðar voru fyrir viðhorfs- öryggis- og aðgengskannanir bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Réttindaráðið fór yfir niðurstöður og kom með athugasemdir til úrbóta við því sem þótti ábótavant. Umsjónarmenn verkefnisins ásamt skólastjóra fóru í skólaheimsókn til „ Beatrix Potter Primary School“ sem er virtur Réttindaskóli í Bretlandi. Í upphafi skólaárs var vika tileinkuð Barnasáttmálanum þar sem allir árgangar unnu með verkefni tengd réttindum barna og unnu allir bekkir

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins -Mannréttindi barna. Verkefni, leikir og verkfæri.

bekkjar- og eða árgangasáttmála þar sem lögð var áhersla á réttindi barna. Yfir veturinn voru starfsmenn hvattir til að vinna með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Unicef framkvæmdi úttekt á Flataskóla í byrjun nóvember og í kjölfarið var Flataskóla veitt viðurkenning sem fyrsta Réttindaskóla Unicef á Íslandi.

### **Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:**

Tímarammi verkefnisins hefur vikið frá upphaflegri áætlun. Lengri tíma tók en áætlað var að útbúa námefnispakka. Umfang verkefnisins var meira en umsjónarmenn gerðu ráð fyrir en þau skref sem tekin hafa verið eru góður og nauðsynlegur grunnur fyrir Flataskóla sem Réttindaskóla Unicef.

### **Mat á verkefninu:**

Verkefnið tókst vel og eru umsjónarmenn afar stoltir af því að hafa átt þátt í því að Flataskóli er fyrsti Réttindaskóli Unicef á Íslandi. Afar gagnlegt var að fá tækifæri til að heimsækja virtan Réttindaskóla í Bretlandi. Nauðsynlegt er að umsjónarmenn verkefnisins hafi fasta fundartíma sem og fasta tíma til að funda með réttindaráði.

### **Ráðstöfun styrks þ.e:**

Heildarupphæð styrks var

Laun	960.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	
Ferðakostnaður	180.000

**Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:**

Þann 20. nóvember fékk Flataskóli viðurkenningu frá Unicef sem fyrsti Réttindaskóli á Íslandi. Sem Réttindaskóli leggur Flataskóli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til grundvallar í öllu sínu starfi. Við teljum að með verkefninu sé Flataskóli á góðri leið með að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi og þekking nemenda og starfsfólks á mannréttindum hafi aukist. Niðurstöður viðhorfskannanna leiddu t.a.m. í ljós að þekking, bæði nemenda og starfsfólks, á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefði aukist til muna. Nemendur Flataskóla hafa fengið markvissa fræðslu um réttindi barna og um leið orðið meðvitaðri um réttindi sín sem og annarra barna. Verkefnastjórar settu í loftið hópasíðu/verkefnabanka á facebook þar sem finna má ýmis verkefni. Afrakstur verkefnabanka mun nýtast starfsfólki skóla sem fræðsluefni tengt réttindum barna.

<http://flataskoli.is/skolinn/rettindaskoli/>


<https://unicef.is/rettindaskoli>

Flataskóli 2017 – 2018

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins -Mannréttindi barna. Verkefni, leikir og verkfæri.



Margrét Ásdís Haraldsdóttir  
Ragna Gunnarsdóttir



Flataskóli, júní 2018

Margrét Ásdís Haraldsdóttir  
Ragna Gunnarsdóttir

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins -Mannréttindi barna. Verkefni, leikir og verkfæri.

